

Skýrsla stjórnar – flutt á aðalfundi 2011

Starfsemi félagsins var töluverð á árinu og urðu heil mikil umskipti og í raun mikil tímamót hjá félaginu með sameiningu við *Landssamband vistforeldra í sveitum* og má þar segja að miklum áfanga hafi verið náð þar sem að lengi hefur verið horft til þess að þessi tvö félög ættu svo margt sameiginlegt að það færi betur á að sameina kraftana og starfa sameiginlega að hagsmunum félagsmanna. Stjórnir félagana kom saman á árinu og ræddu hugsanlega sameiningu og hvernig best væri að standa að þessu því þetta þýddi bæði töluverða breytingu bæði á lögum félagana og eins að sameina hugsanlega ólíka hagsmuni og sjónarmið, en allt leiddi þetta af sér að stjórnir beggja félagana ákváðu að sameinuð stæðum við sterkari og boðað var til auka aðalfundar og sameining varð að veruleika. Eva Dögg ætlar að segja okkur betur frá þessu á eftir.

Á síðasta aðalfundi var stefna fyrir komandi ár rædd og mörkuð.

Greinilegt er að ofarlega í huga fósturforeldra eru mörg mál er lúta að hagsmunum fósturbarna og -foreldra og var á aðalfundi síðasta árs stofnaður sérstakur starfshópur sem Steinunn Kristín Pétursdóttir veitir forstöðu.

Hlutverk hópsins er að koma með tillögur að betri umgjörð að fósturmálum bæði er lítur að skattalegu umhverfi, tryggingamálum og kerfinu í heild sinni, draga fram raunverulegan framfærslukostnað sem og annan kostnað o.s.frv. Eins og mörgum má vera kunnugt er víða pottur brotinn í þeim eignum og var hlutverk vinnuhópsins að koma með tillögur að úrbótum á því sem okkur fósturforeldrum finnst vanta á, óskað var eftir sjálfboðaliðum og gáfu sig margir fram og var vinnuhópurinn skipaður Steinari Gunnarssyni, Jóni Steinari Konráðssyni, Kristínu Ósk Ómarsdóttur, Elínu Grétarsdóttur og Haraldi Sigurðssyni auk Evu Daggar Þorsteinsdóttur, formanns LVS. Steinunn kynnti okkur helstu niðurstöður hópsins. Stjórnin mun senda þær niðurstöður til allra félagsmanna við fyrsta tækifæri.

Á fundi með Barnaverndarstofu á síðasta ári ræddum við mikla þörf fyrir fleiri námskeið og fræðslu sem tengist þeim erfiðleikum og aðstæðum sem við fósturforeldrar þurfum að kunna skil á, t.a.m. alkahólisma, fíkn, hegðunaröskunum, geðsjúkdómum, áhrifa ofbeldis á börn og svo mætti lengi telja. Við teljum mikla þörf á frekari námskeiðum og fræðslu sem tekur á erfiðari málum og þá sérstaklega fyrir þau okkar sem eru með styrkt fóstur.

Í framhaldi af fundi okkar setti BVS af stað námskeið sem ber heitið PMT-FORELDRAÞJÁLFUN og fór það í gang á haustmánuðum í fyrra. Var ákveðið að til að byrja með fengju þeir forgang að námskeiðinu sem eru með styrkt fóstur en svo er stefnan að öðrum fósturforeldrum sé boðið í framhaldi.

Undirritaður sat námskeiðið og var það mjög gott í alla staði og vonandi verður áframhald á því.

Heimasíðan

Á þar síðasta ári var farið í heil mikla andlitslyftingu á heimasíðu félagsins og enn erum við að vinna í henni og er verið að gera heilmikla breytingar á henni og reyna að gera hana sem aðgengilegasta. Þar er nú að finna það helsta sem er að gerast á vetvangi félagsins en betur má ef duga skal og hvet ég félagsmenn að vera duglega að koma með efni og ábendingar.

FOSTER PRIDE

Við reynum alltaf að hafa fulltrúa frá okkur á lokadegi FP. Þetta ár mættu María Sólbergsdóttir fyrir hönd félagsins ásamt undirrituðum. Markmið okkar er kynna starfsemi félagsins og hvetja nýja fósturforeldra til að ganga í félagið.

Fundur með félags- og tryggingamálanefnd Alþingis

Undirritaður og Eva Dögg, þáverandi formaður LVS mættu á fund hjá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, vegna breytinga á barnaverndarlögunum, þann 3. febrúar síðastliðinn. Þar óskuðu við eftir að gerðar yrðu ýmsar breytingar á orðalagi frumvarpsins. Farið var fram á að bæta inn og tilgreina hagsmunasamtök fósturforeldra þegar verið væri að semja um greiðslur og annan kostnað, en í frumvarpinu var einungis minnst á Samband íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndarstofu. Gerðar voru athugasemdir við að ekki væri minnst á tryggingamál fósturbarna. Formenn félaganna lögðu mikla áherslu á að tala um framfærslukostnað og svo aftur fósturlaun í stað þess að fósturforeldrar fengju eina upphæð greidda eftir meðlögum. Þingmenn nefndarinnar tóku vel í athugasemdir formannanna og gerðum við ýmsar fleiri athugasemdir

En í stuttu máli þá var árangur okkar af þeim tillögum sem við lögðum fyrir þingnefndina sem hér segir:

- ✓ Nýsamþykkt Barnaverndarlög kveða á um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um greiðslur til fósturforeldra, og að haft verði samráð við Félag fósturforeldra við gerð þeirrar reglugerðar.
88. gr. 2. mgr. [...] "Ráðuneytið setur að höfðu samráði við **hagsmunasamtök fóstur- og vistforeldra** reglugerð um fjárhæðir sem greiddar eru vegna barna í fóstri skv. 75. gr." (75. greinin fjallar um *Framfærslu og annan kostnað vegna barns í fóstri*, og þar segir að þegar barni er ráðstafað í fóstur skuli ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með því, fósturlaun og annar kostnaður.)
- ✓ Í nýsamþykktum barnaverndarlögum er réttarstaða fósturforeldra sem hafa börn í varanlegu fóstri bætt til muna þegar kemur að ákvörðunum um umgengni barns við kynforeldra.
Nú er búið að festa í lög rétt fósturforeldra til að koma með ákveðnari hætti að ákvarðanatökunni, óska eftir breytingum ofl. ásamt því að geta sent úrskurð til kærunefndar ef svo ber undir.

Þetta er mikil réttarbót fyrir fósturforeldra sem hingað til hafa eingöngu haft "áheyrnar- og tillögurétt" en eru nú orðnir aðilar máls, með öllum þeim réttindum sem slíkt hefur í för með sér.

Nofca

Að þessu sinni var ráðstefnan haldin hér á Íslandi og komu fulltrúar allra Norðurlandanna hingað til landsins. Soffía segir okkur stuttlega frá því.

Útilegu félagsins var að þessu sinni haldin í Aratungu Biskupstungnahreppi, helgina 24 júní – 26 júní.

Kaffihúsafundir

Haldnir hafa verið reglulegir kaffihúsa fundir hér í Reykjavík í og Steinunn segir okkur frá þeim.

Fréttabréf

Sent var fréttabréf til allra félagsmanna og hafði Eva Dögg allan veg og vanda að því og gerði með glæsibrag.

KOSNING STJÓRNARMANNS

Við sameiningu félagana urðu breytingar á lögum félagsins. Í stað 3 stjórnarmanna eins og var, eru í sameinuðu félagi 5 stjórnarmenn; tveir frá vistforeldrum og þrír frá FFF.

Gerðar voru breytingar á fleiri ákvæðum laga félagsins og má þar nefna hverjir geta verið aðilar o.s.frv., María gerir grein fyrir þeim breytingum.

Sú breyting varð á stjórn á síðasta aðalfundi að Soffía fór úr aðalstjórn og tók sæti sem varamaður en í hennar stað kom Kristín Ósk Ómarsdóttir frá sjónarhóli á Rangavöllum. Á vormánuðum breyttust hennar hagir og baðst hún undan stjórnarsetu Við þökkum Kristínu fyrir hennar störf. Í hennar stað kom Steinunn Kristín Pétursdóttir, sem býður sig nú fram til áframhaldandi stjórnarsetu sem ritari félagsins. Einnig hefur komið fram framboð frá Árna Þór Arnórssyni.

Guðbergur G. Birkisson, formaður